Mánudaginn 24. október 1977.

Nr. 181/1977. **Ákæruvaldið**
gegn
Sigurði Óttari Hreinssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 14. október 1977, sem barst Hæstarétti 17. s. m. Krefst hann þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Af hálfu ríkissaksóknara er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Varnaraðili hefur gefið ósamhljóða vitnaskýrslur í opinberu máli, þar sem þeir, sem fyrir sökum eru hafðir, eru ákærðir fyrir brot, sem mjög þung viðurlög liggja við. Vitnisburður varnaraðilja kann að hafa þýðingu í því máli. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 14. október 1977.

Ár 1977, föstudaginn 14. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Af hálfu ríkissaksóknara hefur þess verið krafist, að Sigurður Ottar Hreinsson, Asparteigi 2, Mosfellssveit, verði úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 30 dögum.

Sigurður Óttar kom í gær fyrir sakadóm, og undir eiði lýsti hann yfir því, að hann hefði borið rangt vitni í málinu: Ákæru-

valdið gegn Kristjáni Viðari Viðarssyni o. fl. Hann hefur í dag fyrir dómi ítrekað, að framburður hans fyrir dómi í gær sé réttur.

Sigurður Óttar var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu vegna rannsóknar ofangreinds máls þann 13. og 14. desember 1976 svo og 24. janúar sl. svo og við meðferð málsins fyrir dómi þann 25. maí sl., en þá staðfesti hann framburð sinn með eiði.

Við yfirheyrslur þann 14. desember 1976, 24. janúar sl. og 25. maí sl. bar kærði m. a., að hann fyrri part vetrar 1974 hefði ekið sendiferðabifreið frá Reykjavík til Keflavíkur og komið við í Dráttarbrautinni í Keflavík að beiðni Kristjáns Viðars Viðarssonar, sem nú hefur verið ákærður ásamt öðrum fyrir að hafa orðið manni að bana í Dráttarbrautinni í Keflavík þann 19. nóvember 1974.

Fyrir dómi í gær hefur Sigurður Óttar haldið því fram, að hann hafi alls ekki farið þessa ferð til Keflavíkur og fyrri framburður hans sé þannig í öllum meginatriðum rangur.

Hann heldur því enn fremur fram, að hann hafi verið beittur hótunum og ólögmætum aðferðum af hálfu þeirra lögreglumanna, sem með rannsókn málsins fóru, og af ótta við lögregluna hafi hann gefið ranga skýrslu fyrir dómi þann 25. maí sl.

Kærði, Sigurður Óttar, er þannig sakaður um rangan framburð og rangar sakargiftir, sbr. 142. gr. og 148. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með vísan til þess, sem að ofan greinir, er sérstök ástæða til að ætla, að Sigurður Óttar kunni að spilla, rangfæra eða koma undan sönnunargögnum, ef hann verður látinn frjáls ferða sinna. Ber því samkvæmt 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að úrskurða kærða til að sæta gæsluvarðhaldi, þó þannig, að hann sæti gæsluvarðhaldinu eigi lengur en til miðvikudagsins 9. nóvember n. k.

Úrskurðarorð:

Kærði, Sigurður Óttar Hreinsson, sæti gæsluvarðhaldi, þó eigi lengur en til kl. 1340 miðvikudaginn 9. nóvember n. k.